

1991 nr. 15 6. mars**Lög um ákvörðun dauða**

Tóku gildi 17. apríl 1990 (á að vera 17. apríl 1991). Breytt með l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við heilbrigðisráðherra eða velferðar-ráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Það er hlutverk læknis að ákvarða um dauða manns og rita dánarvottorð. Honum ber að beita reynslu sinni og þeirri þekkingu sem hverju sinni er tiltæk til þessa verks.

■ **2. gr.** Maður telst vera látinn þegar öll heilastarfsemi hans er hætt og engin ráð eru til að heilinn starfi á ný.

■ **3. gr.** Staðfesta má dauða manns ef hjartsláttur og öndun hafa stöðvast svo lengi að öll heilastarfsemi er hætt.

□ Hafi öndun og hjartastarfsemi verið haldið við með vélrænum hætti skal ákvörðun um dauða byggjast á því að skoðun leiði í ljós að öll heilastarfsemi sé hætt.

■ **4. gr.** [Ráðherra er fer með heilbrigðismál]¹⁾ skal setja reglur um það hvaða rannsóknnum skuli beita til þess að ganga úr skugga um að öll heilastarfsemi sé hætt. Reglur þessar skulu vera í samræmi við tiltæka læknisfræðilega þekkingu á hverjum tíma.

¹⁾ L. 126/2011, 150. gr.

■ **5. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.